

Nd.

528. Frumvarp til laga

[204. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 411 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Bær og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

10. gr. hljóðar svo:

Bókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzla er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa lokið prófi í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands eða erlendan skóla og starfað auk þess eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni.
2. Hafa lokið meistaraþrófi í íslenzkum fræðum og auk þess starfað eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni og kynnt sér sérstaklega flokkun og skráningu bóka.
3. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu sem aðalstarf í íslenzku bæjarbókasafni ekki skemur en eitt ár og hafi auk þess meðmæli bókasafnsstjórnar og yfirbókavarðar, hafi viðkomandi unnið í bókasafni, þar sem fleiri en einn bókavörður starfa.

Yfirbókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert hinna þriggja fyrirtalinna skilyrða eða annað tveggja eru yfirbókaverðir við gildistöku laganna eða hafa haft bókavörzlu sem aðalstarf í 3 ár.

Aðstoðarmenn í bókasöfnum skulu hafa fengið góða framhaldsmenntun að loknu skyldunámi, en auk þess skulu þeir ráðnir fyrst í þrjá mánuði til reynslu, en á þeim tíma skal veita þeim starfsþjálfun og tilsögn í frumatriðum bókasafnsfræða.

11. gr. hljóðar svo:

Laun bókavarða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Uppfylli enginn umsækjandi ofangreind skilyrði, skal endurtaka aug-

lýsingu, en að því loknu er bókafulltrúa heimilt að veita undanþágu til að ráða þann, sem hæfastur þykir til starfsins.

12. gr. hljóðar svo:

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavörzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem vöð er á. Skal hún leita álitis bókafulltrúa á hæfni þess, er hún hyggst ráða. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavörða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.

21. gr. hljóðar svo:

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun.

29. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skal skipa bókafulltrúa ríkisins. Hann skal uppfylla sömu menntunar- eða starfsaldursskilyrði sem sett eru yfirbókavörðum bæjar- og héraðsbókasafna í 10. gr. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnnum þeirra og bókavörðum um bókaval, húsbyggingar, ráðningu starfsmanna og allt, sem lýtur að rekstri bókasafna. Hann skal efla menntun bókavörðastéttarinnar í samráði við Háskóla Íslands og Bókavörðafélag Íslands með námskeiðum og útgáfu fræðslurita. Einnig skal bókafulltrúi vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

32. gr. hljóðar svo:

Skýlt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skýlt að láta binda Alþingistiðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.